

Mánudaginn 10. janúar 1916.

Nr. 73/1915.

Lyder Höydal  
 gegn  
 Gunnari Egilson.

D ó m u r :

Með dómi aukaréttar Vestmannaeyjasýslu uppkveðnum 31. desbr. 1914 var J. P. Brillouin fyrir hönd félagsins L'azote organique J. P. Brillouin & Co. dæmdur til að greiða stefnda í þessu máli Gunnari Egilson skipamiðlara 11000 kr. með 5 % ársvöxtum frá 1. sept. 1913 til borgunardags og 40 kr. í málskostnað. Til að fullnægja þessum dómi lét dómhafi gera fjárnám 18. maí f. á. í eignum hins dæmda félags í Vestmannaeyjum. Í annan stað var sama félag með gestaréttardómi sömu sýslu uppkveðnum 9. júní f. á. dæmt til að greiða áfrýjanda Lyder Höydal kaupmanni í Vestmannaeyjum og Jens L. Ouse 7050 kr. með 4 1/2 % ársvöxtum af 1050 kr. frá 19. marz 1913, af 1500 kr. frá 1. júlí 1913, af 1500 kr. frá 1. janúar 1914, af 1500 kr. frá 1. júlí 1914, af 1500 kr. frá 1. jan. 1915 og í málskostnað 40 kr. Fyrir þessum dómsupphæðum var svo eftir kröfu dómhafanna fjárnám gert 6. júlí f. á. í húseignum félagsins í Vestmannaeyjum hinum sömu, er stefndi lét gera fjárnám í 18. maí og að auki í íbúðarhúsi með áföstu lifrarbræðsluhúsi á Eyðinu í Vestmannaeyjum. Með því að áfrýjanda Lyder Höydal þótti sýnt með þessu síðara fjárnámi, að þeir Ouse mundu eigi fá fullnægt dómkröfum sínum á hendur félaginu, ef

fyrigreindur dómur og fjárnám stefnda í eignum félagsins stæði óraskað, hefir hann með stefnu dags. 15. júlí f. á. skotið síðastnefndum dómi og fjárnámi til yfirdómsins, og eru kröfur hans þær, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að félagið L'azote organique J. P. Brillouin & Co. verði algerlega sýkn- að af öllum kærum og kröfum stefnda, eða til vara, að dómurinn verði dæmdur ómerkur gagnvart sér, svo að hann sé því ekki til fyrirstöðu að hann fái fullnægt fyrigreindum dómkröfum sínum á hendur félaginu, svo og að fjárnámið 18. maí f. á. verði felt úr gildi og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Stefndi, Gunnar Egilson, hefir gagnáfrýjað málinu »til vara« og gert sömu aðalkröfur og fyrir aukaréttinum, að félagið verði dæmt til að greiða sér 17930 kr. í skaðabætur með 5% ársvöxtum frá 1. september 1913, en til vara að félagið sé skyldað til að greiða honum 497 kr. 50 aura á mánuði frá 1. september 1913 til 30. apríl 1917, gegn því að hann sé til taks að vinna þau störf, sem ræðir um í samningi hans við félagið, dags. 1. nóv. 1911 og fullnægi honum að öðru leyti. Ennfremur krefst hann þess að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir aukaréttinum eftir kröfu hans og fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Um gagnsökina má þegar taka það fram, að hún getur eigi komið til álita, og ber að vísa henni frá yfirdóminum, með því að félaginu L'azote organique J. P. Brillouin & Co. hefir eigi verið stefnt við áfrýjun þessa.

Stefndi hefir meðal annars fært til þær varnar-  
 ástæður að áfrýjandi einn sé eigi réttur aðili kröfu  
 þeirrar er hann og Jens L. Ouse hafa fengið dóm  
 fyrir á hendur téðu félagi, en þeir séu það báðir  
 saman og verði að fylgjast að í öllum málssóknum  
 út af henni, og að nýnefndur dómur sé ólöglegur og  
 ógildur, af því að réttum aðila hafi eigi verið stefnt,  
 en málinu verið beint á hendur manni, sem ekkert  
 umboð hafði til andsvara fyrir félagið, enda hafi  
 enginn mætt í málinu af þess hendi. Þessa síðar-  
 nefndu varnarástæðu verður þó eigi fallist á, með  
 því að dómnum 9. júní f. á., sem stefndi á hér við,  
 hefir eigi verið áfrýjað.

Að því er kemur til fyrtaldrar varnarástæðu,  
 sést það af málsfærslunni, að þeir áfrýjandi og Jens  
 L. Ouse hafa selt oftnefndu félagi fyrgreint íbúðar-  
 hús og lifrarbræðsluhús á Eyðinu í Vestmanneyjum  
 með ýmsum áhöldum fyrir 12000 kr., er greiddast  
 skyldu með afborgunum á tilteknum gjalddögum, og  
 höfðu þeir fengið greiddar kr. 1950.00, er þeir hófu  
 málssókn gegn félaginu um kr. 7050.00 af kaupverð-  
 inu, er þá voru einnig komnar í gjalddaga; fengu  
 þeir, sem fyr getur, dóm 9. júní fyrir þeirri upphæð,  
 og er dómurinn stýlaður á nöfn þeirra beggja  
 og sama er um fjárnámsgjörðina 6. júlí. Þeir, áfrýj-  
 andi og Ouse voru eftir þessu sameigendur að hin-  
 um seldu húsum, og síðan að kaupverðinu fyrir  
 þau. Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi fengið  
 umboð Ouse til þessa málskots, en það hefir hann  
 eigi sannað, og stefndi hefir neitað því, enda hefir  
 áfrýjandi hafð íhlutunarmálið í sjálfs síns nafni eins,

en ekki fyrir hönd þeirra Ouse beggja. Áfrýjandi hefir og tekið það fram, að með íhlutunarmáli þessu sé engin ráðstöfun gerð á kröfu þeirra Ouse gegn félaginu. Þetta virðist að visu vera rétt, en skiftir ekki máli, því að þess ber að gæta, að þar sem Ouse verður eigi talinn aðili í þessu máli, geta úrslit þess eigi haft dómgildi gagnvart honum eða um hans hluta af kröfunni gegn félaginu, og væri honum því frjálst að hefja annað íhlutunarmál gegn stefnda á sama grundvelli og þetta mál. En það virðist eigi rétt, að stefndi þurfi að sætta sig við að sæta málsókn oftan en einu sinni um það, hvort réttur hans í eignum félagsins eigi að víkja fyrir rétti þeirra áfrýjanda og Ouse í sömu eignum. Þeir verða því að teljast samsakaraðilar (*litis consortes*), og er þá aðild áfrýjanda í málinu ófullnægjandi.

Það er þannig engin heimild til að breyta hinum áfrýjanda dómi eftir kröfu áfrýjanda, og með því gagnsóknin, samkvæmt því sem áður er sagt, getur eigi heldur valdið neinni breytingu á dómnum, ber að staðfesta hann eins og stefndi hefir krafist til vara. Þá verður og fjárnámið 18. maím. f. á. að standa óraskað.

Málskostnaður fyrir yfidómi í aðalsök og gagnsök þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjanda dómi og fjárnámsgjörðinni 18. maí f. á. skal óraskað. Gagnsökinni vísast frá yfirdómi.

Málskostnaður fyrir yfirdómi í aðalsök og gagn-  
sök falli niður.

Mánudaginn 17. janúar 1916.

Nr. 80/1915.

Valdstjórnin  
gegn  
Carla Olsen.

D ó m u r :

Með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 24. sept. f. á., var kærða í máli þessu, Carla Olsen sætindasali hér í bænum, dæmd samkvæmt 12. gr. sbr. 1. gr. og 14. gr. laga nr. 44 um aðflutningsbann á áfengi 30. júlí 1909 í 200 kr. sekt til landssjóðs og til að greiða allan kostnað málsins. Svo voru og áfengir drykkir, er fundust við húsleit hjá kærðu, gerðir upptækir og dæmdir eign landsjóðs. Þessum dómi er eftir beiðni kærðu skotið til yfirdómsins.

Kærða neitar því, að hún sé sek um brot það, er hún er dæmd fyrir. En um atvik málsins er það upplýst, er nú skal greina: Kveldið 27. júlí f. á., sá einn af næturvörðum bæjarins 2 drukna menn hér á götu, og fór annar þeirra inn í sætindabúð kærðu í Austurstræti; þegar hann kom út aftur virtist næturverðinum barmur hans vera fyrirferðarmeiri en áður; hann réðist því að manningum, stakk hendinni